

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, og Björgunarfélag Ísafjarðar, kt. 441198-2059, Sindragötu 6, Ísafirði, gera með sér svohljóðandi

ÞJÓNUSTUSAMNING

um verkefni er Björgunarfélagið tekur að sér fyrir sveitarfélagið og íbúa þess, svo sem björgunaraðgerðir, fyrirbyggjandi aðgerðir, viðbragðsvaktir og aðra þjónustu, gegn styrks til greiðslu fasteignagjalda á fasteignum Björgunarfélagsins.

1. gr.

Björgunaraðgerðir

Björgunarfélagið skal ávallt vera til taks við allar björgunaraðgerðir hvort sem er til sjós eða lands, og vinnur með almannavörnum í sveitarfélaginu. Mannaflí félagsins og tækjabúnaður skal ávallt vera til reiðu.

2. gr.

Fyrirbyggjandi aðgerðir

Björgunarfélagið skal ávallt vera lögreglu, slökkviliði og öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins til reiðu við að hindra tjón, eða koma í veg fyrir að frekara tjón hljótist af þeirri vá sem skapast hefur, eða er viðbúin, og koma samborgurum sínum til aðstoðar við að bjarga verðmætum sem í hættu eru.

3. gr.

Viðbragðsvaktir

Björgunarfélagið er á bakvakt allan sólarhringinn, árið um kring, og er í miklu samstarfi við aðra viðbragðsaðila á svæðinu, s.s. vegna óveðurs og ófærðar.

4. gr.

Önnur þjónusta

Til viðbótar því er að ofan greinir tekur Björgunarfélag Ísfjarðar að sér fyrir sveitarfélagið og/eða í þágu íbúa þess aðra þjónustu, s.s. aðstoð við framkvæmd hátíðahalda á Sjómannadaginn í samstarfi við aðra aðila, flugeldasýningu um áramót og þátttöku í ýmiss konar kynningum er varða forvarnarstarf í slysavörnum.

5. gr.

Skyldur Ísafjarðarbæjar

Fyrir þjónustu þá sem að ofan greinir, úr hendi Björgunarfélags Ísfjarðar, skal Ísafjarðarbær veita félaginu árlegan styrk samsvarandi álögðum fasteignagjöldum hvers árs af húsnæði félagsins að Sindragötu 6, Ísafirði, (fnr. 212-0285) og Sindragötu 9, Ísafirði (fnr. 225-5950).

Styrkveiting vegna gjaldanna skal fara fram við lok hvers fjárhagsárs, en verði breyting á eignarhaldi fasteigna Björgunarfélagsins skal Ísafjarðarbæ tilkynnt um það við undirritun kaupsamnings/afsals. Styrkveiting hvers árs tekur aðeins til þess tíma er ofangreind eign er í eigu Björgunarfélagsins.

6. gr.

Verkefni og þjónusta sem greitt er fyrir sérstaklega

Þau verkefni og sú þjónusta er Björgunarfélag Ísafjarðar veitir sveitarfélaginu og ekki eru björgunarverkefni eða fyrirbyggjandi aðgerðir og ekki er hægt að flokka sem sérverkefni björgunarsveita verða greidd samkvæmt reikningi eftir áður gerðu samkomulagi í hverju tilviki fyrir sig. Þau verkefni sem Björgunarfélagið hefur innt af hendi og flokka má undir lið þennan, eru t.d. flutningur gangnamanna, ferðir með starfsmenn sveitarfélagsins í eftirlit með vatnsbólum, og niðurrif húsa.

7. gr.

Gildistími og uppsögn

Gildistími samnings þessa er frá 1. janúar 2023, og gildir hann til 31. desember 2027. Á sama tíma fellur úr gildi þjónustusamningur Björgunarfélags Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar, dags. 2. mars 2002, og viðauki við þann samning, dags. 20. janúar 2021.

Stefnt er áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn vera skrifleg.

Ísafjörður, 9. maí 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar
Arna Lára Jónsdóttir
bæjarstjóri

F.h. Björgunarfélags Ísafjarðar
Valpór Atli Birgisson
stjórnarformaður

Undirritað með rafrænum hætti.